


Tennissamband Íslands



Mættir: Helgi, Bragi, Gunnar, Ásta og Raj.

Fundarritari: Bragi

Fundarefni:

1. **Fed Cup 2015.** Íris Staub spilandi fyrirliði, með henni Hera, Hjördís og Anna Soffía.
2. **Davis Cup í San Marino.** Raj og Jón Axel sjá um þetta. Þjálfarar koma með tillögu um liðsskipan eða hvernig verður staðið að vali, stjórn tekur síðan afstöðu.
3. **Tyrkland U14.** Jón Axel sinnir því.
4. **U12 á Balkanskaganum.** Raj og Jónas skoða málin.
5. **Afreksstefna.** Umræðu frestað.
6. **Árþing 2015.** Stefnt á þriðjudag, 21. apríl eða 28. apríl. Boðað á vef og með tölvupósti til formanna.
7. **Smáþjóðaleikar á Íslandi í sumar.** Tennishlutinn verður að öllum líkindum í tennishöllinni, en einu boðlegu útivellirnir eru hjá Þrótti og þar eru aðeins tveir vellir. Þörf er á fleiri sjálfboðaliðum vegna leikanna.
8. **Íslandsmót utanhúss.** 5. – 15. ágúst á Þróttarvöllunum og þar verði lokahóf líka. Verði aðstaða bætt verulega annars staðar fyrir mótið verður skoða að hafa hluta annars staðar.
9. **World tennis day.** Hefur heppnast mjög vel undanfarin ár. Luigi sér sem fyrr um þetta með Klettaskóla. Skoðað verður að hafa sýningarleik um kvöldið.
10. **Árshátíð TSÍ.** Laugardagskvöldið 28. mars. Jónas sér um fjörið.
11. **Ólympíuleikar æskunnar í Tbilisi í Georgíu.** Raj hefur verið að kynna sér mótið og verður fararstjóri. Raj mun vera í sambandi við drengina og tilnefna tvo stráka sem þjálfari karlalandsliðsins. Carola og Jón Axel munu vera í sambandi við stúlkurnar og tilnefna tvær stelpur sem þjálfarar kvennalandsliðsins. Reglur ÍSí varðandi hegðun verða skoðaðar í tengslum við val á þátttakendum.
12. **Fræðslu-** og menntasvið. Stjórnin leggur áherslu á að unnið sé þétt saman við fræðslumál og kraftar allra nýttir sem best.
13. **Landsliðsmál.** Svólítið erfitt með skipulag í höllinni, en mikilvægt að þjálfarar vinni úr því saman í samráði við þá sem leggja til tímana.
14. **Liðakeppni í Reykjavík.** Raj hefur sett af stað liðakeppni í Reykjavík.
15. **Keppnisreglur á Íslandsmóti öðlinga.** Stungið upp á að í stað þriðja setts verði „tiebreak“ upp í 10. Stefnt að því að haga því svo.
16. **Brotlegir leikmenn og þjálfarar.** Uppáástunga um að menn safni stigum, þannig að ítrekuð brot hafi í för með sér afleiðingar. Verður rætt betur síðar.
17. **Mála skrifstofuna.** Stjórnarmenn færðu til dót á skrifstofu, svo hægt væri að mála.

Fundi slitið.